

Alþingi
Erindi nr. P 135/3119
komudagur 14.8.2008

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.08.2008
Tilv. 055
DH

Efni: Umsögn um breytingar á *Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.)*

Þskj. 66 - 66. mál. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.

Varðandi 1. grein frumvarpsins er Listasafn Íslands samþykkt því að sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli krefjast eigendasögu myndverks af seljanda en telur ekki eðlilegt að miða við að eigendasögu sé aðeins krafist ef verkið er verðlagt á minnst 500 þús. kr. heldur skuli lögin stuðla að því að eigendasaga allra listverka sem seld eru sé varðveitt og gerð aðgengileg. Sem rökstuðning má nefna að verk á pappír, t.d. vatnslitamyndir, jafnvel eftir þekktu listamenn, eru iðulega seld undir þessu lágmarki. Einnig má benda á að verðþróun á listaverkamarkaði er ófyrirsjáanleg og gæti því ákveðin upphæð hæglega orðið úr takt við listaverkamarkaðinn fyrr en varir. Eðlilegra sé að miða við að eigendasaga listaverka liggi alltaf fyrir og henni sé tryggð varðveisla þegar verið er að versla með listaverk, óháð verðgildi verkanna og höfundu þeirra. Listasafn Íslands leggur því til að texta 1. greinar verði breytt og setningin: „enda sé verkið verðlagt á minnst 500 þús. kr.“ felld niður og næsta setning hefjist á orðunum: „Þar skal koma fram ...“

Sé það hins vegar vilji löggjafans að takmarka hvaða kaupendur fái upplýsingar um eigendasögu verka mætti setja inn slíkt ákvæði á undan setningunni „Skal verslunaraðilinn vekja athygli á tilvist eigendasögunnar ...“

1. gr. myndi þá orðast svo:


Sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skal krefjast eigendasögu myndverks af seljanda. Þar skal koma fram hver sé eigandi verksins og eftir því sem unnt er, hverjir hafi verið eigendur þess. Sé verkið verðlagt á minnst 500 þús. kr. skal verslunaraðilinn vekja athygli á tilvist eigendasögunnar við líklega kaupendur og afhenda hana formlegum kaupanda. Seljandi og verslunaraðili bera

ábyrgð skv. 3 mgr. 23. gr.

Varðandi 2. grein frumvarpsins yrði þá 2. grein a-lið og d-lið breytt til samræmingar og setningin „sé áætlað að verk verði slegið á minnst 500 þús. kr.“ felld niður í a-lið 2. greinar og felld niður eða færð til, sé það vilji löggjafans að takmarka hvaða kaupendur fái upplýsingar um eigendasögu verk, og yrði d-liður þá : *Uppboðsstjóri skal krefjast eigendasögu myndverks skv. 2. mgr. 10. gr. Auk þess skal uppboðsstjóri vekja athygli á tilvist eigendasögunnar í uppboðsskilmálum og afhenda hana formlega kaupanda sé verk slegið á minnst 500. þús. kr. Seljandi og uppboðsstjóri bera ábyrgð skv. 3. mgr.*

Listasafn Íslands er sammála breytingum á b-lið 2. greinar um að eigendasaga allra seldra verka skuli berast Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu og leggur áherslu á að varðveisla og aðgangur að þessum upplýsingum séu tryggð.

Virðingarfyllst
f.h. Listasafns Íslands



Dagný Heiðdal
Deildarstjóri listaverkadeildar